

1867.

gildi sínu, hversu mikil ómakslaun sér beri fyrir að mæla skip, og loks hvort það í tilliti til heimilisfangs skipsins sé nóg, 11.september. að þess sé getið í mælingarbréfinu, hvar það eigi heima, eða hvort þar á ofan þurfi þinglesna yfirlýsing frá hlutadeigandi eiganda um það.

Eptir að aðalskattastjórninni hafði verið ritað um þetta, hefir hún svarað, að eptir ákvörðunum þeim, sem um það gilda, eigi að mæla skip úr furu upp aptur og gjöra nýtt mælingarbréf, þegar bréfið er orðið 8 ára gamalt, og skip úr eik, þegar mælingarbréfið er orðið 10 ára, hvort sem skipin eru útlend eða innlend, að fyrir að mæla skip að fullu og öllu, gjöra mælingarbréf, og brenna málið á skipið, eigi að gjalda 10 sk. af hverri kaupfarslest, og 5 sk. af hverri kaupfarslest fyrir að mæla skip að nýju, og að það sé nóg, að þess sé getið í mælingarbréfinu, hvar skipið eigi heima, án þess að nein þinglesin yfirlýsing frá eigandanum um það komi til.

Þetta skal yður kunngjört, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið það.

46. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að honum verði sendur dýralæknir til aðstoðar í að útrýma fjárkláðanum. 11.september.

Eins og þér hafið beðið um í bréfi, dagsettu 25. júnímán. þ. á., hefir dómsmálastjórnin fengið dýralækni, H. F. O. Nielsen að nafni, til að ferðast til Íslands með gufupóstskipinu, þegar það fer hððan næst, og vera þar þangað til að vori komanda, til þess að aðstoða yður í að útrýma fjárkláðanum í suður-umdæminu.

Um leið og yður er gefið þetta til vitundar, herra stiptamtmaður, er eptirrit af bréfi dómsmálastjórnarinnar í dag til teðs dýralæknis og af erindisbréfi því, er honum hefir gefið verið í þessu skyni, látið fylgja bréfi þessu, og skal því við bætt, yður

1867.
11. september. til leiðbeiningar og frekari framkvæmda, að dýralækninum, auk ferðakostnaðar til Íslands og hingað aptur og fæðispeninga á leiðinni eptir reikningi, eru veittir 50 rd. á mánuði í laun, frá því að hann kemur til Íslands og þangað til hann fer þaðan, og þar á ofan 3 rd. á dag í fæðispeninga hvern þann dag, sem hann er á ferð á Íslandi í sýslunarstörfum sínum. Landfógetanum á Íslandi hefir verið ritað í dag um að borga fè það, sem til þessa gengur, eptir ávísun yðar úr jarðabókarsjóði landsins, af fè því, sem til er fært í 30. gr. VI C í fjárhagslögunum.

Fylgiskjal.

Erindisbréf handa H. F. O. Nielsen, dýralækni, meðan hann dvelur á Íslandi vegna fjárkláðans þar.

1. grein.

Dýralæknirinn verður að kynna sér sögu fjárkláðans um 10 árin síðustu, eptir skjölum þeim, sem birt hafa verið um hann á prenti. Í því að hrekja rangar hugmyndir, er kynnu að reyna að ryðja sér til rúms um eðli og meðferð sýkinnar, á hann að hafa leiðbeiningu í skoðun þeirri, sem eptir úður nefndum skjölum kemur fram í öllum ráðstöfunum stjórnarinnar til þess að útrýma fjárkláðanum. Það mundi einnig stuðla til þess, að ætlunarverk hans hefði farsællegan framgang, ef hann kostaði kapps um að læra að skilja íslenzku og gjöra sig skiljanlegan á íslenzku.

2. grein.

Þegar hann smámsaman í landinu sjálfu er búinn að kynna sér ástand fjárkláðans, á hann samkvæmt gildandi ákvörðunum að gjöra uppástungur við hlutadeiganda yfirvald um aðferð þá, er hann álítur best henta til að útrýma sýkinni.

3. grein.

Um leið og dýralæknirinn nákvæmlega fer eptir ákvörðunum í tilskipun 6. janúarmán. 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, á hann í aðferð sinni að hafa hliðsjón af reglum þeim viðvikjandi fjárkláðanum, sem fyrir-

skipaðar eru 14. septembermán. 1859 af hinum konunglegu 1867.
erindsrekum, er þá voru, að svo miklu leyti sem þær eiga við, 11.september.
eins og nú er ástatt. Reglur þessar eru prentaðar í „Tidsskrift
for Veterinærer“ 8. bindi 112 bls.¹

4. grein.

Aðalætlunarverkið er að kæfa niður fjárkláðann, sem nú er,
fljótt og varanlega með læknislyfjum og sóttnæmis-hreinsun.
Undir eins og nokkur vottur um kláða hefir komið í ljós í ein-
hverri sauðfjárhjörð, verður að baða hverja einstaka kind í
henni á almennan hátt. Þar sem mjög er erfitt að aðgreina
sjúkt og heilbrigt fê, getur tryggileg lækning og sóttnæmis-
hreinsun eptir atvikum bætt úr.

5. grein.

Það verður að sjá um í tækan tíma, að enginn skortur
verði á læknislyfjum þeim, sem með þurfa til böðunarinnar.
Dýralæknirinn verður að annast um, að góð læknismedöl fái-
st fyrir sannsýnilegt verð, og að kostnaðurinn til lækninganna yfir
höfuð að tala ekki verði meiri, en góðu hófi gegnir.

6. grein.

Það verður að leitast við að gjöra eins marga menn, og á
þarf að halda til þess að standa fyrir böðun fjárins framvegis,
kunnuga rættri aðferð við böðunina og sömuleiðis einkennum
sýkinna.

7. grein.

Að svo miklu leyti, sem því verður við komið, á dýra-
læknirinn sjálfur að skoða allt fê á því svæði, þar sem fjár-
kláðinn gjörir vart við sig, eða hætt er við, að hann sê. Hann
á líka sjálfur, eins og verður, að standa fyrir lækningunum og
sóttnæmis-hreinsuninni, þar sem þessa er þörf, þangað til hann
er búinn að kenna aðstodarmönnum svo, að hann er óhultur
um, að þessi störf verða tryggilega af hendi leyst, þegar hann
ekki er viðstaddur.

8. grein.

Það er vitaskuld, að dýralæknirinn á að reka starfa sinn

¹) Smbr. Tíðindi um stjórnamálefni Íslands I, 297.—304. bls.

1867. um svo mikið svæði, sem auðið er; en að öðru leyti er meira
11.september. undir því komið, að minna svæði sé læknað svo algjörlega,
að gagnið sé augljóst og visst, en að gjörðar sé ónógar ráð-
stafanir um stærra svið.

9. grein.

Dýralæknirinn á að hafa bók, er hann ritar daglega í um
framtakssemi sína í ætlunarverki því, sem honum er á hendur
falið. Samkvæmt bókinni ritar hann á hverjum mánuði skýrslur
til dómsmálastjórnarinnar, er hann einnig á að skila bókinni, þegar
ætlunarverki hans er af lokið.

10. grein.

Auk fjárkláðans á hann einnig, þegar svo ber undir, að
gefa gætur að sjúkdómum yfir höfuð að tala í húsdýrum á Ís-
landi, og sér í lagi þeim, sem faraldur er að eða næmir eru.

Í dómsmálastjórninni 11. septembermán. 1867.

14. septbr. **47. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins
yfir Íslandi, um íslenzka hluti á fiskisýningunni í
Boulogne.**

Eptir því sem danski erindsrekinn á fiskisýningu þeirri, er haldin
var í fyrra í Boulogne fyrir allar þjóðir, J. A. Smidth, hefir
skýrt frá, hefir dómnefnd tèðrar fiskisýningar dæmt Oddi Gísla-
syni, kaupmanni í Reykjavík, heiðurspening úr kopar fyrir þorska-
lýsi, og Fischer, líka kaupmanni í Reykjavík, „lofsorð“ fyrir þorska-
net, og um leið og erindsrekinn hefir tekið fram, að norskri erinds-
rekinn hafi hrósað þorskanetum þeim, sem Fischer kaupmaður hafði
til sýnis, hefir hann beiðzt liðsinnis dómsmálastjórnarinnar til
þess að heiðurspeningur sá, sem honum hefir sendur verið
vegna þessa, og sæmdarskjölin, verði fengin mönnum þessum í
hendur.

Um leið og yður, herra stiptamtmaður, eru send sæmd-
armerki þessi, eruð þér beðnir um að sjá svo fyrir, að þau verði
fengin hlutaðeigendum í hendur, á þann hátt, er yður virðist
við eiga.